

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 11. liðar 2. gr. laganna komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

11. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hrísey, Árskógsstrandarhreppur.
12. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.

Í stað 17. liðar, sem verður 18. liður sömu lagagreinar, komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

18. Kirkjubæjarklausturumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallahreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur.
19. Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

24. maí 1972.

Nr. 39.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kernaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenzka stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenzka landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 89 31. des. 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki, og skal að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing kemur saman haustið 1972.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

**um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps
í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

2. gr.

Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðingarða bera $\frac{1}{4}$, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega $\frac{1}{2}$ og ríkið $\frac{1}{4}$. Kostnaður eyðingarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðingarðanna samkvæmt gildandi fasteignamat. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvors þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað, skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.

3. gr.

Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.